

LÖG FYRIR FERÐAMÁLAFÉLAG BARÐASTRANDASÝSLU.

1. grein.

Félagið heitir Ferðamálafélag Barðastrandasýslu. Heimili þess og varnarþing er í Barðastrandarsýslu.

2. grein.

Félagið er opið fyrirtækjum, félögum og einstaklingum er eiga lögheimili og/eða hafa með höndum rekstur eða áhuga á ferðaþjónustu á starfssvæðinu. Tilgangur félagsins er að efla ferðaþjónustu og styrkja hana sem atvinnugrein.

3. grein.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:

- a) Stuðla að samvinnu þeirra aðila sem sinna ferðaþjónustu á svæðinu og standa vörð um hagsmuni þeirra.
- b) Leita nýrra leiða til að laða ferðamenn til svæðisins.
- c) Beita sér fyrir námskeiðahaldi fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu.
- d) Miðla upplýsingum um ferðaþjónustu bæði innan svæðisins og utan.
- e) Stuðla að merkingu skoðunarverðra staða og gönguleiða og efla vitund almennings fyrir varðveislu áhugaverðra staða og fyrir vistvænni umgengni við landið.
- f) Halda uppi stöðugri hvatningu um góða umgengni og hreinsun umhverfisins.
- g) Stuðla að sameiginlegri kynningarstarfsemi fyrir svæðið.
- h) Taka þátt í starfsemi Ferðamálasamtaka Vestfjarða, ferðamálafélaga og annarra aðila til eflingar íslenskum ferðamálum.

4. grein.

Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum og þrem til vara. Aðal- og varamenn skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnin getur skipað starfshópa til sérverkefna. Auk stjórnar skal aðalfundur kjósa árlega tvo endurskoðendur og einn til vara.

5. grein.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 31. okt. ár hvert. Til hans skal boðað með minnst einnar viku fyrirvara. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa skuldlausir félagar eða fulltrúar þeirra. Hverju árgjaldi fylgir eitt atkvæði og skal árgjald greitt í síðasta lagi á aðalfundi. Reikningsár félagsins er sama og almanaksárið.

6. grein.

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar síðasta árs.
3. Fjárhagsáætlun og starfsáætlun.
4. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
5. Önnur mál.

7. grein.

Félagið skal fjármagna starf sitt með: a) árgjaldi sem aðalfundur ákveður, b) með öðrum fjáröflunarleiðum.

8. grein.

Auk aðalfundar skal haldinn minnst einn almennur félagsfundur eigi síðar en í maí ár hvert.

9. grein.

Tillögur um breytingar á lögum þessum skulu berast formanni stjórnar eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi. Lagabreytingar öðlast því aðeins gildi að helmingur félagsmanna sé mættur og 2/3 hluti þeirra greiði þeim atkvæði. Komi fram tillaga um að leggja félagið niður skal boðað til framhaldsaðalfundar innan fjögurra vikna og þarf 2/3 hluta fundarmanna á báðum fundum til að tillagan verði samþykkt. Framhaldsaðalfundur ráðstafar eigum félagsins.